

Fundargerð

Landsfundar 2019

Sjálfbjörg

landssamband hreyfihamlaðra

4. maí 2019



Betra aðgengi - öllum í hag!

Haldinn í

Þjónustumiðstöð Sjálfbjargar, Hátúni 12, 105 Reykjavík

Laugardagur 4. maí 2019

Skipan fundarstjóra og fundarritara

Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish. lagði til að Jón Heiðar Jónsson varaformaður Sjálfsbjargar Ish. yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Lagt var til að Þórdís Rún Þórisdóttir skrifstofustjóri Sjálfsbjargarheimilisins yrði fundarritari og var það samþykkt.

Kjörbréf kynnt

Fundarstjóri kynnir að kjörbréf hafi verið móttækin og samkvæmt þeim eru 32 fulltrúar á staðnum. Fundur var lýstur löglegur af fundarstjóra.

Minning

Bergur Þorri Benjamínsson formaður minntist Ólafs B. Valgeirssonar formanns Sjálfsbjargar á Vopnafirði sem lést nýverið.

Veiting heiðursviðurkenninga

Bergur Þorri Benjamínsson formaður stýrði afhendingu heiðursviðurkenningar. **Kristín Jónsdóttir** þorskaþjálfari var heiðruð með gullmerki Sjálfsbjargar landsambands fyrir óeigingjarnt starf hennar í þágu samtakanna. Guðríður Ólafs Ólafíudóttir sagði frá störfum Kristínar en á löngum starfsferli hefur Kristín starfað innan Sjálfsbjargar á hinum ýmsu vettvöngum. Kristín byrjaði að starfa innan Sjálfsbjargar eftir að hún hóf störf hjá Tryggingastofnun. Hún var í framkvæmdastjórn samtakanna um skeið, starfaði í húsnæðishópi Sjálfsbjargar og var í vinnuhópi sem vann að hjálpartækjasýningunni „Fötlu“ '87“ sem haldin var í Borgarleikhúsinu. Kristín skrifaði margar greinar um kjör og málefni öryrkja í Fréttablað Öryrkjabandalagsins. Á síðustu árum kom Kristín inní formlegt nefndarstarf á nýjan leik. Hún átti sæti í stjórn Sjálfsbjargar Ish, og sat einnig í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins og lagði þar ætíð gott til mála. Má segja um Kristínu að hún nálgist úrlausnarefnin ætíð á jákvæðan hátt.

Eitt af merkari verkefnum sem Kristín vann að á fyrri árum og veitti forystu á vegum Sjálfsbjargar voru námskeið fyrir foreldra og aðstandendur fatlaðra barna. Tókst með frumkvæði Sjálfsbjargar að koma á samstarfi við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna (nú Ás styrktarfélag) og Þroskahjálp. Í framhaldinu tók síðan Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins að sér að halda námskeiðin enda mikil tengsl þar innandyra við foreldra, þá sérstaklega yngri barna.

Setning Landsfundar Sjálfsbjargar 2019

Ávarp formanns

Bergur Þorri Benjamínsson formaður ávarpaði fundinn og bauð landsfundarfulltrúa velkomna en samtökin fagna 60 ára afmæli sínu á árinu. Eitt af megin markmiðum samtakanna við stofnun var að hreyfihamlað fólk væri almennur þátttakandi í samfélaginu án aðgreiningar. Almennt félagsstarf hefur verið að dragast saman og aðildarfélögin halda almennt ekki félagsfundum, virkni er því lítil en þetta er vandamál sem mörg félagasamtök glíma við. Endurnýjun félaga er lítil og í dag skipa í einhverjum tilfellum sömu aðilar forystu félaganna og gerðu er hann kom inn í félagsstarfið. Á þessum tíma hefur samfélagið breyst mikið og almennt líður félagsstarf fyrir þær breytingar og er Sjálfsbjörg ekki undanskilin. Virkni aðildarfélaganna er því áhyggjuefni og mikilvægt er að þetta sé rætt á hreinskilin hátt. Mikilvægt er að snúa til varnar til að hægt sé að halda áfram öflugri málefna- og réttindabaráttu á næstu árum. Fyrir landsfundum liggur fyrir tillaga að velja nýtt merki samtakanna, en fram fór samkeppni um nýtt merki meðal nemenda í Listaháskóla Íslands. Gamla merkið er ekki lengur boðlegt þar sem það sýnir karl klífa björg og höfðar ekki til samtímans, en það mun alltaf skipa heiðurs sess innan samtakanna. Formaður lýsti landfund settan.

Kaffihlé

Dagskrá lögð fram til samþykktar

Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarmöppu sem lá frammi fyrir alla fundarmenn. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargögn eða dagskrá og lýsti fundarstjóri því boðun fundar og dagskrá samþykta.

Skýrsla stjórnar Sjálfsbjargar Ish. fyrir 2018

Bergur Þorri Benjamínsson formaður lagði fram til kynningar ársskýrslu samtakanna fyrir 2018 og sagði frá helstu verkefnum ársins. Sagt var frá húsnæðis kaupum vegna framtíðaráforma um uppbyggingu. Nefndi ráðstefnu sem var haldin í samvinnu við Velferðarráðuneytið og fram kom að fjármálin væru í góðum farvegi. Í félagsmála kafla er fjallað m.a. um veitingu tveggja gullmerkja á árinu 2018. Nokkur aðildarfélög áttu afmæli á árinu en þau eru; Sjálfsbjörg á Siglufirði, í Reykjavík, á Ísafirði, á Akureyri og Suðurlandi. Áfram var unnið að aðgengismálum og voru m.a. gerðar athugasemdir við sjóböðin á Húsavík og Egilstöðum.

Ársreikningur Sjálfsbjargar Ish. fyrir 2018

Endurskoðandinn Tryggvi Jónsson frá PWC fór yfir ársreikning Sjálfsbjargar Ish 2018. Tekjur ársins voru 141 milljón og hafa aldrei verið hærrí. Hagnaður ársins nám rúmum 13 milljónum en handbært fé í árslok voru tæpar 21 milljónir. Opnað var fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninginn. Spurt var um framlög og styrki sem lækkuðu milli ára og svaraði Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri fyrirspurninni. Þá myndaðist umræða um vinnusamninga en viðmið launa í vinnusamningum við Vinnumálastofnun er svo lágt að sambandið treystir sér ekki til að bjóða starfsfólki sínu slík laun og því er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða þaðan. Spurt var um algilda hönnun og aðgengi vegna sjóbaðanna á Húsavík. Bergur Þorri Benjamínsson formaður upplýsti að búið væri að tala við Umhverfisstofnun sem sendi Byggingarfulltrúa Húsavíkur erindi, þetta mál er því komið í ferli. Ársreikningurinn var borinn undir fundinn og var hann samþykktur samhljóða.

Skýrslur aðildarfélaga

Aðildarfélögum var boðið að fylgja eftir skýrslu síns félags, en ákveðið var að ræða það í dagskrárliðnum „Virgni félaga“.

Skýrsla og ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins 2018

Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins fór stuttlega yfir ársskýrslu heimilisins og ársreikninginn 2018.

Fjárhagsáætlunir Sjálfsbjargar Ish. fyrir 2019 og 2020

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. kynnti fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árin 2019 og 2020. Spurt var um afskriftir á fasteigninni og kom fram að húsið er að fullu afskrifað. Spurt var um hækkun á launaliðnum milli ára og var svarið að það sé tilkomið vegna viðbótar á hálfu starfsgildi og niðurfellingar vinnustyrks. Fjárhagsáætlunin var borin undir samþykkt fundar og var samþykkt samhljóðandi.

Tillaga um árgjald

Fundarstjóri kynnti tillögu sem var lögð fram frá formanni og varaformanni stjórnar um að árgjald til landsamtakanna verði lækkuð um helming eða í kr. 250.- á hvern félag. Tillagan var borin undir fundarmenn til samþykkar og var hún samþykkt samhljóða.

Ársverkefni Sjálfsbjargar 2019

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti ársverkefni ársins 2019 „Leikskólar okkar ALLRA!“. Opnað var fyrir umræður en fundarmenn lýstu

yfir stuðningi við verkefnið og ítrekuðu mikilvægi þess. Ársverkefnið var borið undir samþykkt og var það samþykkt samhljóða.

Kynning á stöðu lóðauppbyggingar

Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins fór stuttlega yfir stöðu lóðauppbyggingar. Nýlega er búið að skipta upp lóðinni af hálfu Reykjavíkurborgar samkvæmt upplýsingum frá lögfræðisviði borgarinnar og því verður hægt að halda áfram með verkefnið og deiluskipulagið eins og frá var horfið fyrir hálfu ári síðan.

Hádegishlé

Kosningar

Fundarstjóri vísaði til framboðslista í fundarmöppu merkt sem fundarskjal nr. 8. Allir sem gáfu kost á sér voru sjálfkjörnir og var klappað fyrir þeim.

Ályktanir stjórnar

Bergur Þorri Benjamínsson formaður kynnti tillögur stjórnar um fjórar ályktanir.

1. Ályktun um kjaramál

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 4. maí 2019 telur nokkuð ljóst að það gengur ekki lengur að setja kjaramál hreyfihamlaðra og annara fatlaðra í nefnd. Augljóst er hvar hægt er að byrja svo örorkulífeyrisþegar geti bæði bætt sín kjör og eftir atvikum fótað sig aftur á vinnumarkaði. Afnám núverandi framfærslu uppbótar og þar með krónu á móti skerðingu er lykilatriði í því sambandi. Landsfundur Sjálfsbjargar hefur áhyggjur af þeirri stöðu sem uppi er, þar sem stjórnvöld setja það sem skilyrði að Öryrkjabandalag Íslands samþykki starfsgetumat til að nýtt fyrirkomulag á örorku- og tengdum greiðslum komist á.

2. Ályktun um ólögmetar búsetuskerðingar

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 4. maí 2019 átelur þann óheyrilega tíma sem það tekur að fá botn í ólögmetar búsetuskerðingar á lífeyri. Tryggingastofnun og Velferðarráðuneytið verða setja kraft í það mál og klára undir eins en ekki mánuðum eða allt þetta ár eins og gefið hefur verið til kynna.

3. Ályktun um ferðapjónustu fatlaðra

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 4. maí 2019 æskir þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vandi sig þegar kemur að bæði nýju útboði á ferðapjónustu fatlaðra, bæði þau sem munu standa að sameiginlegu útboði á þjónustu og ef fleiri sveitarfélög en Hafnarfjörður ætla að kljúfa sig út og reka þjónustuna á eigin spýtur.

4. Ályktun um algilda hönnun

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 4. maí 2019 telur að búið sé að gefa of mikið eftir í algildri hönnun. Megininntak algildrar hönnunar var að við hönnun allra íbúða sé tekið tillit til þess að hreyfihamlað fólk geti búið þar eða komið þangað sem gestir. Fjöldmörg dæmi eru um að svo sé ekki, heldur þarf að ráðast í miklar breytingar á nýjum íbúðum svo að hægt sé að aðlaga þær fyrir hreyfihamlaða.

Í kjölfar umræðna var lagt til að Bergur Þorri Benjamínsson formaður, Ásta Þ. Guðjónsdóttir, Frímann Sigurnýasson, María Óskarsdóttir og Guðmundur Ingi Kristinsson færu yfir ályktarnar með tilliti til orðalags.

Virgni aðildarfélaga

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri ræddi um virkni aðildarfélaganna og hvað væri til ráða. Dreift var yfirliti úr skýrslum aðildarfélaganna sem sýndi virkni félaganna samkvæmt upplýsingum frá þeim. Miklar breytingar á samfélaginu hafa haft áhrif á virkni nær allra félagasamtaka. Þau félagasamtök sem hafa náð að halda sínu striki eru þau félög sem hafa skýran tilgang og halda reglulega fundi. Opnað var fyrir umræður og þar kom meðal annars fram að þörf væri fyrir að fá yngra fólk í samtökin, en þau hafa ekki áhuga á því félagsstarfi sem í boði er en vilja koma að málefna- og réttindabaráttu. Finna þarf hvar við eigum að berjast og efla baráttumálin. Fundarstjóri lagði fram tillögu til landsfundur að hann feli nýrri stjórn samtakana að skipa starfshóp til að halda áfram að vinna með þessa vinnu og hvernig best er að koma starfsemi aðildarfélanna fyrir í stjórnkerfi samtakanna. Var tillagan samþykkt samhljóðandi.

Nýtt merki landssambandsins

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti þrjár tillögur að nýju merki samtakanna, en en núverandi merki Sjálfsbjargar landsambands Ish. hefur verið óbreytt frá árinu 1958. Merkin þrjú eru afrakstur samkeppni nemenda í Listaháskóla Íslands. Gengið hefur verið út frá því að Landsfundarfulltrúar kjósi milli þessara þriggja merkja. Opnað var fyrir umræður. Fram kom mikilvægi þess að hressa uppá ímynd samtakanna og minnt var á að þetta væri búið að ræða áður.

Sævar Guðjónsson frá Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu lagði fram fimm spurningar og óskaði eftir því að spurningar hans væru bókaðar í fundargerð ásamt svörum. Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. svaraði spurningunum.

1. Hefur verið rætt um markaðs og auglýsingafyrirtæki hversu mörg ár nýtt merki verður að sama sess , sömu viðskiptavild og traust og núverandi merki hefur?

Svar: Leitað var til Listaháskóla Íslands þar er prófessor sem var aðli að þessari framkvæmd og þetta var aðferðafræðin sem var valin.

2. Eiga þeir sem vilja óbreytt merki að skila auðu og verður tekið tillit til þess?

Svar: Hægt er að gera könnun um hverjir vilja óbreytt merki meðal fundarmanna. Ferlið er búið að vera í gangi í um ár og það hefur ekki komið upp kvörtun eða beiðni frá neinu aðildarfélagi um merkjaendurnýjunina.

3. Hvað ef aðildarfélög velja gamla merkið en aðeins landsambandið það nýja verður landsambandið þá ekki eyland sem enginn þekkir?

Svar: Við höfum ekki trú á því, verið er að vinna málefnnastarfið á landsvísu og það ætti ekki að hafa áhrif þótt einhver noti annað merki, nafnið er það sama.

4. Hvað hafa margar konur sagt sig úr Sjálfsbjörg vegna merkis?

Svar: Engar slíkar upplýsingar eru til.

5. Hvað hafa margar konur sagt ekki geta gengið til liðs við Sjálfsbjörg vegna merkis?

Svar: Engar slíkar upplýsingar eru til.

Í ljósi þess að fram kom ósk um að kannaður væri vilji manna um að skipta um merki brást fundarstjóri við því. Óskaði hann eftir að sjá hverjir vildu halda gamla merkinu og vilja ekki breyta því. Níu manns vilja ekki breytingar á merkinu, en 17 vildu breyta því. Ákveðið var því að halda áfram með kosningu á milli merkjanna þriggja.

Kosningarseðlum var dreift til fundarmanna. Merki sem var val númer eitt átti að fá 3 punkta, val númer tvö átti að fá 2 punkta og þriðja og síðasta val fær 1 punkt. Skipuð var talningarnefnd en í henni voru María Richter starfsmaður Sjálfsbjargar Ish., Guðmundur Ingi Kristinsson og Ólafía Ósk Runólfsdóttir. Niðurstöður yrðu tilkynntar að loknu kaffi.

Kaffihlé

Niðurstöður kosninga um nýtt merki Landsambandsins

Fundarstjóri kynnti niðurstöður talningar á kosningu um nýtt merki.

Niðurstöður voru eftirfarandi:

Merki nr. 1 fékk 46 atkvæði

Merki nr. 2 fékk 66 atkvæði

Merki nr. 3 fékk 55 atkvæði

Merki nr. 2 er því kosið sem nýtt merki Sjálfsbjargar landsambandsins hreyfihamlaðra.



Ályktanir stjórnar með áorðnum breytingum

Bergur Þorri Benjamínsson formaður lagði fram endurbættar ályktanir sem eru svohljóðandi:

1. Ályktun um kjaramál

Landsfundur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, haldinn 4. maí 2019 skorar á Alþingi Íslendinga allra að afnema nú þegar krónu á móti krónu skerðinguna og fara að eigin lögum með tilvísan til 69. gr almannatryggingalaga, en að þessu sinni afturvirkrt eins og á við um kjör alþingismanna sjálfra. Nýsamþykktur lífskjarasamingur gildi fyrir alla, þar með talið öryrkja.

■ **69. gr.** □ Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launapróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Að miða skulið við launapróun en vísitölu sé hún hagstæðari.

Samtökin minna þó á að það er enn ein niðurlægingin í garð öryrkja af hendi stjórnvalda að þurfa ítrekað að bíða eftir sínum kjarabótum, marga mánuði eftir að laun og vísitala hafa hækkað tekjur hjá öðrum hópum samfélagsins auk þess sem að það er viss kjaraskerðing í sjálfu sér.

Landsfundur Sjálfsbjargar hefur áhyggjur af þeirri stöðu sem uppi er, þar sem stjórnvöld setja það sem skilyrði að Öryrkjabandalag Íslands samþykki starfsgetumat til að nýtt fyrirkomulag á örorku- og tengdum greiðslum komist á. Öryrkjabandalag Íslands hefur nú þegar hafnað upptöku starfsgetu mats.

Til að örorkulífeyrisþegar geti bæði bætt sín kjör og eftir atvikum fótað sig aftur á vinnumarkaði, er afnám núverandi framfærslu uppbotar og þar með krónu á móti krónu skerðingu, er lykilatriði í því sambandi.

2. Ályktun um ólögmætar búsetuskerðingar

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 4. maí 2019 átelur þann óheyrilega tíma sem það tekur að fá botn í ólögmætar búsetuskerðingar á lífeyri. Tryggingastofnun og Velferðarráðuneytið verða setja kraft í það mál og klára undir eins en ekki á mánuðum eða árum eins og gefið hefur verið til kynna.

3. Ályktun um ferðapjónustu fatlaðra.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 4. maí 2019 æskir þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vandi sig þegar kemur að nýju útboði á ferðapjónustu fatlaðra, bæði þau sem munu standa að sameiginlegu útboði á þjónustu, og ef fleiri sveitarfélög en Hafnarfjöður ætla að kljúfa sig út og reka þjónustuna á eigin vegum.

4. Ályktun um algilda hönnun.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 4. maí 2019 telur að búið sé að gefa of mikið eftir í algildri hönnun. Megininntak algildrar hönnunar var að við hönnun allra mannvirkja sé tekið tillit til þess að hreyfihamlað fólk geti búið þar eða komið þangað sem gestir. Fjöldmörg dæmi eru um að svo sé ekki, heldur þarf að ráðast í miklar breytingar á nýjum mannvirkjum og manngerðu umhverfi svo að þær nýtist hreyfihömluðum.

Voru ályktanir bornar undir fund til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóðandi.

Önnur mál.

a. Breyting á reglum Hjálparliðasjóðs

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögur að breytingum á reglum Hjálparliðasjóðs. Staðan í sjóðnum voru kr. 14.200.000.- um síðustu áramót en á landsfundi 2018 var samþykkt að leggja niður sjóð Theódórs A. Jónssonar og færa hann inn í Hjálparliðasjóðinn. Með breytingunum eru þrjár mgin breytingar. 1. Ein úthlutun á ári. 2. Úthluta má allt að 10% af inneign sjóðsins hverju sinni. 3. Landsambandið leggur til sjóðsins kr. 200.000.- á ári. Tillagan var borin undir samþykki fundar. Var hún samþykkt en tveir greiddu atkvæði gegn henni.

b. Starfsáætlun Sjálfsbjargar 2019-2020

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti starfsáætlun næstu tveggja ára. Áætlunin var borin undir samþykki fundar og var hún samþykkt samhljóða.

c. Afmælistkaffið 1.6. kl 14:00 í Hátúni 12

Bergur Þorri Benjamínsson formaður minnti á afmælistkaffið sem verður haldið 1. júní.

d. Nýtt fræðslurit

Bergur Þorri Benjamínsson formaður sagði frá fræðsluriti sem búið er að þýða og gefa út en það fjallar um fæði, þyngd og heilsu hreyfihamlaðra. Var eintaki dreift á fundarmenn.

e. Afborganir Lín

Ásta D. Skjalddal lagði fram tillögu um að Sjálfsbjörg Ish. taki að sér baráttu nemanda sem verða öryrkjar á meðan þeir eru í námi til að aðstoða þá við að lækka eða fella niður námslán. Málinu vísað til stjórnar.

f. Stofnun minja- og sögusafns.

Sævar Guðjónsson kynnti bréf sem sent hafði verið í fyrra til stjórnar varðandi stofnun „Minja og sögusafns Sjálfsbjargar í nýrri Landsmiðstöð.“ Bréfið hafði ekki borist Sjálfsbjörg Ish. og verður tekið upp af stjórn.

g. Ritun á sögu Sjálfsbjargar og aðildarfélaga

Sævar Guðjónsson vakti athygli á að Anna S. Björnsson var fengin til að skrifa ágrip af sögu Sjálfsbjargar Ish. og aðildarfélaga árið 2009. Gerði hann athugasemdir við rangfærslur í ritun sögunnar og benti öðrum aðildarfélögum að vera vakandi fyrir slíku hið sama.

Landsfundir 2019 slitið

Bergur Þorri Benjamínsson formaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og afgreiðslu mála. Starfsfólki var þakkað fyrir störf sín á fundinum. Jón Eiríksson leiddi fundargesti í kveðjusöng og formaður sleit fundi kl 16:00.

Betra aðgengi - öllum í hag!

